



Fundargerð 56. fundar stjórnar Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar, haldinn 10. mars 2011, kl. 12:00 á skrifstofu félagsins, að Skógarbraut 946, Ásbrú í Reykjanesbæ.

Mættir: Vilhjálmur H. Vilhjálmsson,
 Árni Sigfússon,
 Reynir Ólafsson,
 Berglind Kristinsdóttir,
 Inga Sólnes,
 Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri sem jafnframt ritaði fundargerð.
 Óli Þór Magnússon, verkfræðingur, kom á fundinn undir lið nr. 2.

1. Fundargerð síðasta fundar
 Borin upp, samþykkt og undirrituð af viðstöddum stjórnarmönnum.
2. Kynning á Masters verkefni. „Stærsta endurvinnsluverkefni Íslandssögunnar“
 Óli Þór Magnússon, verkfræðingur kom á fundinn og kynnti mastersverkefni sitt. Verkefnið fjallar um aðferðafræði við endurnýtingu og enduruppbyggingu á eignum á vegum Kadeco og tengdra aðila á Ásbrú.
1. Fasteignapróun
 Framkvæmdastjóri tilkynnti stjórn að greina mætti örlitla hreyfingu sem virðist vera komin á fasteignamarkaðinn sem lýsir sér í áhuga aðila á nokkrum eignum á svæðinu. Framkvæmdastjóri fór yfir markaðsaðgerðir sem fyrirbyggjandi eru á komandi mánuðum.
2. Háskólavellir
 Framkvæmdastjóri fór yfir málefni Háskólavalla og hvað sé framundan í því verkefni.
3. Erindi frá OSA ehf
 Framkvæmdastjóri fór yfir erindi frá OSA ehf. Stjórn tók vel í erindið og fól framkvæmdastjóra að kanna grundvöll verkefnisins með viðkomandi aðilum.
4. Erindi frá Keflavíkurkirkju
 Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn erindi frá Keflavíkurkirkju um verkefnið „Energí og trú“. Framkvæmdastjóra var falið að ræða betur við fulltrúa Keflavíkurkirkju um aðkomu að verkefninu.
5. Önnur mál
 Ekkert var rætt undir liðnum önnur mál.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson, *Inga Sólnes*, *Berglind Kristinsdóttir*
Reynir Ólafsson, *Árni Sigfússon*